

Skipulag

Fundarboðandi: Starfsmaður f.h. formanns *Fundarstaður:* Fjarfundur (Teams)

Fundarstjóri: Sigurborg Daðadóttir *Dagsetning:* 21.03.23

Fundarritari: Viktor S. Pálsson *Fundartími:* 13:00 – 14:20

Dátttakendur: Sigurborg Daðadóttir (yfirdýralæknir, formaður fagráðs) Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands) Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ) Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsambands Íslands) og Guðrún Birna Brynjarsdóttir varamaður Hilmars Vilbergs Guðjónssonar (f.h. Bændasamtaka Íslands) og Sigurbjörg Bergsdóttir (Dýralæknir nautgripa og sauðfjár).

Dagskrá

1. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

- Framhaldsrannsókn tilraunabólusetningar gegn kregðu í íslensku sauðfé, 3. kynslóð bóluefnis – movi-3. (flýtimeðferð).

Fagráðið telur að málið sé ekki tækt til afgreiðslu vegna framsetningu á umsókn. Umsóknin lítur að tveimur rannsóknum og óskar fagráðið eftir nánari útlistun á fjölda dýra, lýsingu á aðbúnaði og eftirliti á hvorri rannsókn fyrir sig.

Afgreiðslu umsóknarinnar frestað.

Sigurbjörg Bergsdóttir vék af fundi að lokinni afgreiðslu á þessum dagskrálið.

2. Vinnureglur fagráðs.

Umræður um framgang verksins.

Málinu frestað til næsta fundar, en verður unnið af nefndarmönnum í millitíðinni.

3. Markaðsdrifin velferð.

Rætt um leiðir til að bæta regluverkið þannig að neytendum gefist kostur á að afla sér upplýsinga um uppruna afurða og aðbúnað þeirra dýra sem notuð eru til að framleiða landbúnaðarafurðir. Mikilvægt er að merkja landbúnaðarafurðir skýrt og greinilega. Horfir fagráðið sérstaklega til 25. gr. laga nr. 55/2013.

Ályktun fagráðsins:

„Mikilvægt er að neytendur hafi raunverulegt val um að velja afurðir dýra sem alin eru við bestu mögulegar aðstæður hverju sinni og stuðla þannig að bættri velferð dýra. Fyrir liggur skylda ráðherra til að setja reglugerð um merkingar dýraafurða sem snúa að þessum þáttum.

Fagráðið beinir því til Matvælaráðherra að hefja án tafar vinnu við að setja reglugerð þar sem kröfur um merkingar á vörum úr dýrum og dýraafurðum á grundvelli sjónarmiða um velferð dýra koma fram, sbr. 25. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra.“

Fagráðið mun taka málið aftur upp á fundi sínum næsta haust.

4. Önnur mál.

Önnur mál liggja ekki fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:20. Næsti reglulegi fundur Fagráðs um velferð dýra verður miðvikudaginn 26. apríl 2023.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.